

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Guðmundur Ögmundsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vátryggingarfélagsins Baltica.
Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 15. október 1941.

Nr. 105/1940. **Bátaábyrgðarfélag Eskifjarðar og Reyðarfjarðar** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Sigurði Jóhannssyni og gagnsök
(Einar B. Guðmundsson).

Félagsmaður krefur gagnkvæmt vátryggingarfélag um hluta af sjóði þess, eftir úrgöngu úr félaginu.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Lúðvík Ingvarsson settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu.

Aðaláfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 9. nóvember 1940 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20 s. m. og krafist algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 9. des. 1940 skotið málinu af sinni hálfu til hæstaréttar með stefnu 4. jan. þ. á. Krefst hann aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1278.08, en til vara kr. 716.79. Svo krefst hann og 5% ársvaxta af þeirri fjárhæð, er dæmd yrði, frá 1. janúar 1938 til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi fékk greidda $\frac{1}{10}$ hluta séreignarsjóðs síns í bátaábyrgðarfélaginu þann 10. marz 1927, og eftir þann tíma var hann ekki félagsmaður þess. Samkvæmt 24. gr. samþykktu félagsins, er gagnáfrýjandi hafði gengizt undir, verður ekki talið, að hann hafi átt frekara tilkall til fjár á

hendur félaginu, hvorki við úrgöngu né síðar. Ber því að taka sýknukröfu aðaláfrýjanda til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Héraðsdómarinn, sem ákvað skriflegan málflutning, hefur leyft málflytjendum að leggja fram þrjú skrifleg sóknarskjöl og varnar hvorum, andstætt fyrirmælum 110. gr. laga nr. 85 frá 1936. Verður að átella málsmeðferðina að þessu leyti.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Bataábyrgðarfélag Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Sigurðar Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur aukaréttar Suður-Múlasýslu 10. maí 1940.

Mál þetta er að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan höfðað fyrir aukarétti Suður-Múlasýslu með stefnu útfinni 3. febrúar s. l. af Eiríki Bjarnasyni f. h. Sigurðar Jóhannssonar hér á Eskifirði gegn Bataábyrgðarfélagi Eskifjarðar og Reyðarfjarðar til greiðslu á kr. 1880.00, sem stefnandi telur vera eign Sigurðar af sjóði félagsins, er tekinn hafi verið til skipta á árinu 1938. Einnig krefst stefnandi 5% ársvaxta af hinni umkröfðu upphæð frá 1. jan. 1938 til greiðsludags auk málskostnaðar eftir mati réttarins.

Verjandi hefur aðallega krafizt sýknunar af kröfu sækjanda, en til vara, að sækjanda verði ekki tildæmd hærri upphæð en kr. 242.96.

Tildrög málsins eru þessi. Árið 1919 stofnuðu vélbátaeigendur við Eskifjörð og Reyðarfjörð með sér félag, er nefnt var Bataábyrgðarfélag Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Samkvæmt félagslögnum skyldi hlutverk félagsins vera að taka að sér váttryggingu á bátum félagsmanna. Tryggingartakar greiddu í iðgjöld til félagsins 4% af váttryggingarverði bátanna, en auk þess ábyrgðust félagsmenn tjón þau, er yrðu á bátum, sem voru í ábyrgð félagsins, hlutfallslega við það, sem hver átti í ábyrgð þess.

Sjóðir félagsins voru tveir: Fastasjóður og séreignarsjóður. Í séreignarsjóð skyldu renna $\frac{1}{10}$ hluti iðgjalda hvers tryggingartaka, en aðrar tekjur skyldu renna í fastasjóð. Hver tryggingartaki átti sinn reikning í séreignarsjóði, og á þann reikning var

samkvæmt framansögðu færður $\frac{1}{10}$ hluti iðgjalda hans. Úr fastasjóði skyldi greiða öll útgjöld félagsins, þar á meðal bætur fyrir tjón þau á bátum félagsmanna, er félagið ábyrgðist. Ef fastasjóður brykki ekki til greiðslu tjónbóta, skyldi því, sem ógreitt væri, að honum eyddum, jafnað niður á félagsmenn að rétttri tiltölu við það, sem þeir ættu í ábyrgð félagsins. Upphæð sú, er þá kæmi í hvers hlut, skyldi tekin af séreignarsjóðsinnstæðu viðkomanda, en ef hún ekki brykki, skyldi hann greiða afganginn úr eigin vasa.

Ef maður gengi úr félaginu, skyldi hann eiga kost á að fá greidda $\frac{1}{10}$ hluta af séreignarsjóðsinnstæðu sinni. Hins vegar var ekki ráð fyrir því gert, að sá, sem færi úr félaginu, ætti nokkra kröfu á greiðslu úr fastasjóði félagsins.

Sigurður Jóhannsson, sem kröfuna á, er stefnt er út af í þessu máli, var félagsmaður frá stofnun félagsins til ársbyrjunar 1927. Það ár hætti hann útgerð og fékk greiddan út $\frac{1}{10}$ hluta af séreignarsjóðsinnstæðu sinni hinn 10. marz þess árs.

Eftir þann tíma skipti hann sér ekki af starfsemi félagsins, enda er það viðurkennt af sækjanda þessa máls, að eftir lögum félagsins hafi hann þá verið genginn úr því. Það er upplýst, að um þetta leyti stóð fjárhagur félagsins mjög höllum fæti. Í ársbyrjun 1927 var fastasjóður aðeins kr. 7385.50. Úr því fór hagur félagsins batnandi. Í ársbyrjun 1938 var ákveðið á félagsfundi að slíta félagsskapnum og taka nokkuð af fé félagsins, eða kr. 40000.00, til skipta milli félagsmanna.

Við skiptin var þeim reglum fylgt, að greiða félagsmönnum 74% af iðgjaldagreiðslum þeirra til fastasjóðs, að fráðregnum bótum, er félagið hafði greitt hverjum um sig fyrir beðin tjón.

Í lögum þeim, sem samþykkt voru við stofnun félagsins og verjandi hefur lagt fram í máli þessu, voru engin ákvæði um það, hvernig fara skyldi um fastasjóð félagsins, ef til félagsslita kæmi. Þetta hefur sækjandi viðurkennt í fyrsta sóknarskjali sínu og um leið gert ráð fyrir því, að þessi lög félagsins væru enn í gildi.

Síðar hefur hann haldið því fram, að árið 1936 hafi verið samþykkt ný lagaákvæði fyrir félagið, og séu þau nú í gildi. Í þeim séu ákvæði um félagsslit. Þessu til sönnunar hefur sækjandi lagt fram staðfest eftirrit af lögum félagsins, er málflytjandi Bata-ábyrgðarfélagsins hefur lagt fram í öðru máli sem gildandi lög félagsins. Í hinum eldri lögum er ráð fyrir því gert, að lagabreytingar séu samþykktar á aðalfundi félagsins og færðar inn í gerðabók þess. Lög þau, er sækjandi hefur lagt fram, eru dagsett 2. febrúar 1936. Verjandi hefur neitað því, að þessi lög hafi nokkurntíma hlotið fullnaðarsamþykki félagsfundar né félaginu verið stjórnað eftir þeim. Hefur hann lagt fram staðfesta útskrift úr gerðabók félagsins frá 1. febrúar 1936 og fram úr. Af þeirri útskrift verður ekki séð, að á fundi félagsins hafi verið samþykkt

ný lög fyrir það, og ekki hafa þau verið færð inn í gerðabók félagsins eftir þann tíma, en á fundi félagsins 1. febrúar 1936 virðist tveimur félagsmönnum hafa verið falið að fjalla um breytingar á lögum félagsins.

Verður því ekki talið sannað, að önnur lög gildi fyrir félagið en þau, sem samþykkt voru á stofnfundi þess.

Sækjandi hefur haldið því fram, að umbjóðanda hans, Sigurði Jóhannssyni, bæri greiðsla af eignum félagsins eftir sömu reglum og öðrum, er endurgreiðd fengu iðgjöld sín að nokkru leyti við skiptin á fastasjóði félagsins. Telur hann í stefnu, að sú krafa nemi 1880.00 krónum, en hefur í síðasta réttarhaldi í máli þessu fært hana niður í kr. 1278.08.

Verjandi hefur krafizt þess að verða með öllu sýknaður af kröfum sækjanda. Færir hann þau rök fyrir sýknukröfu sinni, að krafan, sem sótt er í þessu máli, sé fyrnd; þar sem liðin séu meira en 13 ár frá því að Sigurður gekk úr félaginu, þangað til mál þetta er höfðað.

Einnig styður verjandi sýknukröfu sína við það, að Sigurður hafi, er hann gekk úr félaginu 1927 og undirritaði skilyrðislausa kvittun fyrir greiðslu á stofnsjóðsinnstæðu sinni, afsalað sér öllum frekari fjárkröfum á hendur félaginu.

Til vara hefur verjandi krafizt þess, að sækjanda verði f. h. Sigurðar Jóhannssonar aðeins tildæmdar kr. 242.96, sem sé sú upphæð, er Sigurði hefði borið, ef hann hefði verið látinn njóta sama réttar við skiptin og félagsmenn.

Færir verjandi þau rök fyrir varakröfu sinni, að Sigurður geti ekki með neinum rétti krafizt hluta af því fé, er félaginu hafi áskotnast eftir að hann gekk úr því í ársbyrjun 1927.

Sjóður sá, sem úthlutað var, hafi verið að upphæð kr. 40000.00, en sjóðseignin, er Sigurður fór úr félaginu, hafi verið kr. 7385.50.

Sigurður ætti því ekki að fá 74% af greiddum iðgjöldum sínum heldur $7385\frac{5}{100000}$ hluta af 74% af iðgjöldunum, en það sé jafnt upphæðinni kr. 242.96.

Um þá sýknuástæðu verjanda, að krafan sé fyrnd, er það að segja, að lög félagsins gera ekki ráð fyrir því, að tryggingartaki eigi neina kröfu á endurgreiðslu iðgjalda, meðan félagið starfar að vátryggingum. Gjaldldagi slíkrar kröfu gat ekki verið fyrir en félagið hætti tryggingum, en síðan er aðeins liðið á annað ár.

Verjandi hefur, eins og áður er sagt, haldið því fram, að Sigurður Jóhannsson hafi, með því að ganga úr félaginu og undirrita skilyrðislausa kvittun fyrir greiðslu á séreignarsjóðsinnstæðu sinni, afsalað sér öllum frekari kröfum á hendur félaginu, og því hafi verið leyfilegt að ráðstafa eignum sínum á hvern þann hátt, er því sýndist, án tillits til þeirra eldri tryggingartaka, er úr félaginu voru gengir.

Á þetta verður ekki fallizt að öllu leyti. Tilgangur félagsins var, eins og áður er að vikið, að vátryggja báta við Reyðarfjörð og Eskifjörð. Meðan þeirri starfsemi var haldið áfram, áttu hvorki félagsmenn né eldri tryggingartakar, er úr félaginu voru gengnir, kröfu á hluta úr fastasjóði félagsins. Hann átti að vera bakhjarl félagsins til þess að það fengi staðizt þau tjón, er verða kynnu.

Þegar félagið hins vegar ákveður að taka hluta af sjóði sínum til skipta milli félagsmanna, ris spurning um það, hvort eldri tryggingartakar eigi ekki kröfu til nokkurs hluta af því, sem skipt er.

Það verður eigi ætlað, að tryggingartaki, sem hættir viðskiptum við félagið og gengur úr því, afhendi öðrum félagsmönnum með því sjóði þess til hvernar ráðstöfunar, er þeim kynni góð að þykja. Hitt er samkvæmara eðli þessa félagsskapar, að um leið og félagið hættir að starfa að því markmiði, er stofnendur þess settu því, og sjóði er skipt milli tryggingartaka, þá sé einnig tekið tillit til þeirra eldri tryggingartaka, sem hættir eru viðskiptum við félagið og gengnir úr því.

Það er upplýst, að til skipta voru teknar kr. 40000.00 af fastasjóði félagsins. Fengu félagsmenn greidd 74% af iðgjöldum þeim, er þeir höfðu innt til félagsins, þó að frádregnum bótum, er þeir höfðu fengið greiddar. Einnig er upplýst, að þegar Sigurður Jóhannsson gekk úr félaginu, var fastasjóður þess kr. 7385.50 og hafði Sigurður þá greitt iðgjöld, sem námu í fastasjóð félagsins kr. 1973.41, en fengið bætt tjón fyrir kr. 91.60.

Í ársbyrjun 1938, þegar skipt er fastasjóði félagsins, hefur sjóðseign sú, er til var í ársbyrjun 1927 með vöxtum og vaxtavöxtum verið orðin kr. 11369.61, ef miðað er við almenna sparisjóðs-vexti, 4% p. a.

Verður því að telja, að Sigurði hafi borið $113696\frac{1}{4}000000$ af $7\frac{1}{100}$ upphæðarinnar, kr. 1881.81 (þ. e. kr. $1973.41 \div 91.60$) eða kr. 416.85. Af þessari upphæð ber félaginu að greiða honum 5% ársvexti frá 1. janúar 1938 að telja til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Á uppkvaðningu dóms í máli þessu hefur orðið nokkur dráttur vegna annríkis dómarsins við uppgerð reikninga og sýslufundarhald.

Því dæmist rétt vera:

Hið stefnda, Bataábyrgðarfélag Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, greiði stefnandanum, Eiríki Bjarnasyni f. h. Sigurðar Jóhannssonar, kr. 416.85 auk 5% ársvaxta frá 1. janúar 1938 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.